



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. mars 2015.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands breytingu á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, 144. löggjafarþing 2014–2015. Þingskjal 523 — 389. mál.**

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) styður frumvarp þetta enda ætti fólk almennt að fá að kalla sig því nafni sem það helst kys. Rýmkun á núgildandi reglum er til dæmis til þess fallin að auðvelda Intersex fólki lífið, sem ætti þá að geta notað það nafn sem það hefur valið sér.

MRSÍ geldur þó varhuga við ótakmörkuðum rétti foreldra eða forsjáraðila barna til að nefna þau. Í greinargerð með frumvarpinu er bent á að nafn er nátengt sjálfsmynd og sjálfsvitund fólks. Ótakmarkað frjálrsræði í nafngiftum gæti orðið til þess að barni yrði gefið nafn sem gæti jafnvel skaðað sjálfsmynd þess og valdið því sálrænum erfiðleikum. Því mætti gjalda varnagla við svo stöðva megi slíkar nafngiftir. Bent skal á meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, sem kveða á um að ætíð skuli gæta þess að haga málefnum barna á þann hátt að sé þeim fyrir bestu.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri